

10.4.2018

387.mál



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Alþingi

Málsnr.: 1803153

Málalykill: 0.34.3

FRUMVARP TIL BREYTINGA Á LÖGUM NR. 161/2002, UM FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

**Skuldajöfnun,
greiðslujöfnunarsamningar og
ógildir löggæringar.**

Leifur Arnkell Skarphéðinsson, lögfræðingur í fjármála- og
efnahagsráðuneytinu.

BREYTINGAR SEM FRUMVARPIÐ LEGGUR TIL

» Þrjár meginbreytingar:

- *Greiðslujöfnunarsamningar*
- *Skuldajöfnun*
- *Ógildir löggerningar*

» Breytingarnar byggja allar á efni **tilskipunar 2001/24/EB** um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

» Tílefni breytinganna eru **athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)** varðandi íslenska lög en þó aðallega niðurstöðu Hæstaréttar í tveimur málum.

- Einnig dómur EFTA-dómstólsins í máli nr. E-28/13 (LBI hf. gegn Merrill Lynch).

» ESA skilaði rökstuddu áliti dags. 7. febrúar 2018 **gaf íslenskum stjórnvöldum tvo mánuði** til að bregðast við athugasemdum stofnunarinnar.

TILSKIPUN 2001/24/EB UM ENDURSKIPULAGNINGU OG SLIT LÁNASTOFNANA

- » Tilskipunin inniheldur reglur um endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana á EES-svæðinu.
 - Með endurskipulagningu fjárhags er átt við ráðstafanir sem ætlað er að viðhalda fjárhagslegri stöðu lánastofnunar eða koma henni í eðlilegt ástanda aftur þ.m.t. greiðslustöðvun, frestun fullnusturáðstafana eða lækkun á kröfum t.d. með nauðasamning í kjölfar greiðslustöðvunar.
- » Tilskipunin byggir á þremur megin sjónarmiðum; einingu, algildi og jafnræði (e. unity, universality and non-discrimination).
- » Megintilgangur tilskipunarinnar er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á aðgerðum ríkja á EES-svæðinu, samvinnu og lágmarkssamræmingu landsreglna á þessu sviði.
- » Tilskipunin var innleidd hér á landi með lögum nr. 130/2004, sem breyttu m.a. lögum um fjármálafyrirtæki.

GRUNNREGLA TILSKIPUNARINNAR

- » Sú regla gildir samkvæmt tilskipuninni að endurskipulagning fjárhags og slit fara einvörðungu fram í því landi þar sem lánastofnunin hefur skráðar höfuðstöðvar (heimaríki) og gilda lög heimaríkisins að meginstefnu um fjárhagslega endurskipulagningu og slit.
 - Felur í sér að úrskurður lögbærs yfirvalds (stjórnvalds eða dómstóls) um heimild lánastofnunar, sem rekur útibú í öðru EES-ríki, til að leita greiðslustöðvunar, nauðasamninga eða slita (þ.m.t. gjaldþrotaskipti) hefur áhrif á öllu EES-svæðinu, þ.e. tekur til lánastofnunarinnar og starfsemi útibúa í öðrum EES-ríkjum.
 - Með þessu er einnig gert ráð fyrir að löggjöf heimaríkisins gildi að meginstefnu til um endurskipulagningu fjárhags eða slit.
 - Þessari reglu er m.a. ætlað að vernda lánadrottna og viðskiptavini lánastofnunarinnar frá því að vera mismunað eftir því hvaða reglur gilda í mismunandi ríkjum.
- » Þessi grunnregla kemur fram í 10. gr. (slit) og 2. mgr.3. gr. (endurskipulagning) tilskipunarinnar:
 - „Lánastofnun skal slitið í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð sem í gildi er í heimaaðildarríkinu, nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.“

UNDANTEKNINGAR FRÁ MEGINREGLUNNI

- » Tilskipunin inniheldur nokkrar undantekningar frá reglunni um að lög heimaríkis gildi um réttaráhrif, málsmeðferð og framkvæmd ákvöðrunar um endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnunar:
 - T.d. varðandi vinnusamninga, fasteignir, eignarrétt (veðréttindi) o.fl.
 - Koma fram í 20. – 33. gr. tilskipunarinnar.
- » Undantekingarnar eru innleiddar í 2. mgr. 99. gr. laganna.
- » Koma til skoðunar við lýsingu krafna gagnvart fjármálafyrirtæki.
- » Þrjár þessar undantekningarreglna taka til:
 - Greiðslujöfnunarsamninga (25. gr. tilsk.).
 - Skuldajöfnun (23. gr. tilsk.).
 - Ógilda löggerninga (30. gr. tilsk.).
- » Túlka skal undantekningarreglur þröngt.
 - Dómur Evrópudómstólsins í máli nr. C-85/12 (LBI hf gegn Kepler Capital Markets SA og Frédéric Giroux).
 - Dómur EFTA-dómstólsins í máli nr. E-28/13 (LBI hf. gegn Merrill Lynch).
- » Dómur áfrýjunardómstóls í Bretlandi í fyrra..

GREIÐSLUJÖFNUNARSAMNINGAR (1)

- » Netting agreements – 25. gr. tilskipunarinnar.
 - „Greiðslujöfnunarsamningar skulu falla undir lög sem gilda um slíka samninga.“
 - Oftast þau lög (ríki) sem aðilar velja að gildi um samninginn .
- » Hvað eru greiðslujöfnunarsamningar?
 - Samningur um að a.m.k. tveir samningar séu gerðir upp gagnvart hvorum öðrum – tvær kröfur mynda eina kröfu – ein „jöfnuð“ krafa.
 - Oftast gerðir vegna afleiðuviðskipta t.d. vaxtaskiptasamningar eða gjaldeyrisskiptasamningar.
- » Frumvarpið leggur til tvær breytingar á lögnum varðandi greiðslujöfnunarsamninga:
 - Skilgreningu á „greiðslujöfnunarsamningum“ í 1. gr. frumvarpsins.
 - » Byggir sú skilgrening á 98. tölul. 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
 - „Greiðslujöfnunarráðstafanir“ (e. Netting arrangements).
 - Nýtt orðalag j-liðar 2. mgr. 99. gr. laganna í samræmi við orðalag tilskipunarinnar.

GREIÐSLUJÖFNUNARSAMNINGAR (2)

- » Núgildandi orðalag j-lið 2. mgr. 99. gr. laganna er látið ná til greiðslujöfnunarsamninga og skuldajöfnuðar.
 - Tengd fyrirbæri en ekki það sama og er tilgangur frumvarpsins að gera betri greinarmun á milli þessara tveggja ráðstafanna.
 - Engin „undantekning frá undantekningarreglunni“ varðandi greiðslujöfnunarsamninga í tilskipuninni.
- » Niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 552/2013 Commerzbank AG gegn Kaupþing banka hf.
 - Misskilningur á eðli greiðslujöfnunarsamninga – einn samningur um undirliggjandi samninga.
 - Samningur um „hagræði“ vegna a.m.k. tveggja samninga.
 - Túlka skal undantekningar þröngt.

ÓGILDIR LÖGGERNINGAR

- » Undantekning í 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar.
- » Lög heimaríkis taka ekki til ógildanleika löggernings ef sá sem hefur hag af því að löggerningurinn haldi gildi sínu leggi fram fullnægjandi sönnun um að gerninginn eigi að gilda lög annars ríkis og að í lögum þess ríkis sé ekki að finna ógildingarreglu er taki til þess tilviks sem um ræði.
 - Ef löggerningur á undir lög annars ríkis verður hann því ekki ógiltur samkvæmt íslenskum lögum ef ekki er hægt að ógilda hann samkvæmt lögum þess ríkis sem gildir um hann.
- » Í gildandi lögum er einungis vísað til „ógilda löggerninga“ samkvæmt lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.
- » Niðurstaða EFTA-dósmtólsins í máli nr. E-28/13 (LBI hf. Gegn Merrill Lynch)
 - Ógildi, ógildanleiki eða skortur á réttarvernd samkvæmt 30. gr. tilskipunarinnar tekur einnig til riftunarreglna skv. lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.
- » Frumvarpið miðar að því að samræma íslensk lög að inntaki 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/24/EB.

SKULDAJÖFNUÐUR

- » 23. gr. tilskipunarinnar
- » Upphaf endurskipulagningar fjárhags eða slita skal ekki hafa áhrif á rétt lánadrottins til að krefjast skuldajöfnunar krafna sinna gegn kröfu lánastofnunar þegar slík skuldajöfnun er heimiluð í lögum sem gilda um kröfu lánastofnunar.
- » Í 2. mgr. 23. gr. tilskipunarinnar er að finna takmörkun á þessari heimild þ.e. meginreglan varðandi ógildanleika reglna heimaríkisins gildir.
- » Frumvarpið leggur til nýtt orðalag j-lið 2. mgr. 99. gr. laganna til samræmis við texta tilskipunarinnar.
- » ESA vísar til dóma Hæstaréttar í tveimur málum þar sem stofnunin telur að niðurstaðan feli í sér brot gegn 23. gr. tilskipunarinnar:
 - Dómur Hæstaréttar í máli nr. 552/2013 (Commerzbank AG gegn Kaupþingi banka hf.).
 - Dómur Hæstaréttar í máli nr. 120/2014 (De Nederlandsche Bank NV gegn LBI hf.).
 - ESA telur að Hæstiréttur hefði átt að skýra núverandi j-lið 2. mgr. 99. gr. laganna í samræmi við EES-rétt sbr. 3. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið.



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Takk fyrir

www.fjr.is | twitter.com/MoFiceland

